

Þróun raforkumála á næstu árum

Bjarni Bjarnason, Landsvirkjun

ÚRDRÁTTUR

Í erindi þessu er gert ráð fyrir því að ný raforkulög verði samþykkt á næsta þingi, þau taki gildi 1. júlí 2002 og að lögín verði í meginráttum samhljóða raforkulagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru:

- Samkeppni um framleiðslu og sölu raforku.
- Sérleyfi á flutningi og dreifingu og aðskilnaður þessara þátta frá framleiðslu og sölu.
- Jafn aðgangur allra raforkuframleiðenda að flutningskerfi.
- Frelsi raforkukaupenda að velja milli seljenda.
- Óheimilt verður að hafna útgáfu virkjunarleyfis með vísun í nægt framboð á raforku.
- Skylda Landsvirkjunar að sjá öllum kaupendum fyrir nægri raforku verður afnumin.

Sérstaða Íslands og orkuverð til almennings

Frumvarpinu er ætlað að fullnægja tilskipun frá Evrópusambandinu um samkeppni á raforkumarkaði. Opnun raforkumarkaðar í Evrópulöndum er víða langt komin og í sumum löndum gengin til enda. Reynslan er víðast góð en alvarleg dæmi eru þó um hið gagnstæða þar sem geta raforkukerfa er fullnýtt. Íslendingar hljóta því að spyrja hvers vænta megi á íslenskum raforkumarkaði þegar áhrifa nýrra raforkulaga fer að gæta. Efst í huga er raforkuverðið. Eru aðstæður hér þess eðlis að þær tryggja lækkan raforkuverðs til almennings eða má hugsanlega búast við hinu gagnstæða?

Íslenskur raforkumarkaður er um margt sérstæður og því erfitt að draga einhlítan lærdóm af reynslu annarra. Þó raforkunotkun á hvern Íslending sé orðin sú mesta á byggðu bóli er íslenskur raforkumarkaður dvergvaðinn. Ísland er ótengt raforkukerfi annarra landa og aðrar þjargir því bannaðar í raforkumálum en þær sem við búum okkur sjálf. Þær virkjanir sem byggðar hafa verið eru þegar fullnýttar og svo mun verða um ókomna framtíð ef bygging virkjana helst í hendur við aukna orkunotkun. Þáttur stóriðju í heildarnotkun raforku er mun stærri hér á landi en í öðrum löndum en hann nemur nú um 70% af raforkuframleiðslu landsins. Orkusala til stóriðjufyrirtækja er bundin með samningum til 20 ára í senn og verð á þeim markaði mun ekki fylgja dægursveiflum. Raforkuframleiðsla á Íslandi byggir á vatnsorku og jarðvarma en hvort tveggja telst til endurnýjanlegra orkulinda. Bygging vatnsorkuvera og jarðgufuvirkjana er fjárfrek en rekstrarkostnaður er á móti lágur ef stærðarhagkvæmni nýtur við. Sú hagkvæmni hefur á undanförunum áratugum verið tryggð með samnýtingu orkuvera til stóriðju og almenningsþarfa. Hugsanlegt er að ný viðhorf um nýtingu orkulinda landsins útiloki þá lausn í framtíðinni. Raforkugeirinn mun bera hærri kostnað undir nýjum lögum vegna aukinnar eftirlits- og upplýsingaskyldu, vegna niðurbrots orkufyrirtækja í sjálfstæð félög fyrir samkeppnishætti annars vegar og sérleyfisþætti hins vegar og loks vegna nýs fyrirkomulags í raforkusölu. Líklegt er að kostnaður af framangreindum þáttum verði hár vegna smæðar íslenska markaðarins. Á móti auknum kostnaði vegur hagræðingarmáttur samkeppninnar. Arði eigenda af

orkufyrirtækjum hefur verið stillt í hóf til þessa. Búast má við aukinni kröfu um arðsemi á næstu árum, einkum með breyttu eignarhaldi á orkufyrirtækjum. Að öllu samanlögðu er vandséð að markaðsvæðing leiði af sér lækkun raforkuverðs til almennings.

Breytingar innan raforkugeirans, fjöldi og stærð orkufyrirtækja

Fjögur raforkufyrirtæki starfa nú á Íslandi sem teljast mega stór á okkar mælikvarða. Tvö þeirra; Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur eru svipuð að stærð en Rarik og Hitaveita Suðurnesja fylgja í kjölfarið nokkuð minni. Opnun raforkumarkaðar erlendis hefur leitt til örrar sameiningar orkufyrirtækja. Tvö nýleg dæmi eru um slíkt hér á landi; sameining Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar og sameining Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu. Búast má við áframhaldi hér á. Sameining getur aukið hagræði í orkuframleiðslu en einkum tryggir hún orkufyrirtækjunum yfirráð yfir stærra markaðssvæði. Erlendis hafa bein tengsl við notendur reynst verðmæt eign í samkeppnisumhverfi. Orkuveiturnar verða markaðsráðandi hver á sínu svæði í upphafi samkeppni þó sérleyfi til sölu verði af þeim tekið. Samkeppni um sölu raforku á svæðum gömlu dreifiveitnanna verður því meiri í orði en á borði fyrstu árin.

Sala á raforku til stóriðju er nú að fullu á hendi Landsvirkjunar en fyrirtækið var stofnað í þeim tilgangi þó verksvið þess hafi vikkað með árunum. Ljóst má telja að fleiri fyrirtæki selji orku beint til stóriðju í framtíðinni. Fjárfesting í orkuframleiðslu fyrir ný stóriðjuver er veruleg og því verður áfram þörf á sterku fyrirtæki til slíkra verka. Að öðrum kosti mun fjármagnskostnaður nýrra orkuvera skáka íslenskri raforku út af alþjóðlegu samkeppnisborði. Orkuaukning stóriðjuvera í minni þrepum vegna stækkunar eða tæknibreytinga hentar betur smærri orkuframleiðendum. Landsvirkjun, sem önnur orkufyrirtæki, býr nú við skattleysi og hafa allir stóriðjusamningar verið gerðir við þær aðstæður. Tryggja þarf að svo verði áfram og gildi jafnt fyrir alla orkusölu til stóriðju, óháð orkuframleiðanda. Áhætta í orkusölu til stóriðju er nokkur og ekki úr vegi að hún dreifðist á fleiri fyrirtæki. Ekki er útilokað að eignarhald á orkuverum verði að hluta erlent í framtíðinni en slíkt drægi úr áhættu þjóðarinnar af sveiflum á álmörkuðum.

Vöxtur og áhrif stóriðju

Árið 2000 notaði stóriðja tæpar 4.700 GWst raforku eða tæplega 70% þeirrar raforku sem framleidd var í landinu það ár. Síðan hefur Norðurál stækkað um 30.000 tonn. Frekari stækkun Norðuráls um 90.000 tonn, bygging Reyðaráls í 390.000 tonn í tveimur áföngum og lítillæg aukning framleiðslu í þeim framleiðslueiningum sem þegar eru fyrir hendi yki notkunina um 7.500 GWst á ári frá því sem nú er. Heildarnotkun stóriðju færi þá í 12.200 GWst á ári. Á þessari stundu er ekki vitað hvort eða hvenær af þessum framkvæmdum verður en hér er gert ráð fyrir að þeim verði lokið árið 2015. Á sama tímabili gerir orkuspá ráð fyrir 1.700 GWst aukningu á almennum markaði, úr 2.700 GWst í 4.400 GWst. Við þessar aðstæður yrði raforkuframleiðsla landsins því um 16.600 GWst, sem er rúmlega tvöföldun frá árinu 2000, og þar af notaði stóriðjan um 73% orkunnar. Beinasta leiðin til að lækka raforkuverð til almennings virðist því liggja gegnum góða orkusölusamninga við stóriðju, bæði til nýrra kaupenda og síðar við endurnýjun nógildandi samninga, ef aðstæður á orkumörkuðum heimsins leyfa slíkt þegar þar að kemur.

Þjónusta við notendur

Erlendis hafa orðið töluverðar breytingar í markaðssetningu rafmagns og þjónustu við notendur með tilkomu samkeppninnar. Þar hefur þjónusta verið aukin við viðskiptavini og þróuð ný vörumerki og þjónustupættir. Rafmagn er orðið hluti af heildarlausn fyrir viðskiptavini orkuveitna og líklegt er að sama gerist hér á landi þegar veiturnar fá leyfi til að takast á hendur fleiri verkefni en nú er.